

ins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Einar Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 34/1900:

Landssjóðurinn
gegn
Jóni Jónssyni.

D ó m u r.

Í júlímánuði 1897 flóðu Eyjafjarðará og Þverá, sem renna meðfram landi því, er tilheyrir ábúðarjörð stefnda, þjóðjörðinni Munka-Þverá, yfir mikinn hluta af engjum téðrar jarðar og báru á þær töluvert leirlag á pörtum, og Þverá einnig töluvert af möl. Hinn stefndi sneri sér þá til hlutaðeigandi þjóðjarðaumboðsmanns og krafðist þess, að skemdir þær væru skoðaðar, sem flóðið hafði gjört á jörðinni, samkvæmt 17. gr. laga 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, og lét umboðsmaður síðan úttektarmenn skoða skemdirnar 7. ágúst s. á., og voru þeir báðir viðstaddir skoðunina, umboðsmaður og stefndi. Sömdu skoðunarmenn, þegar skoðuninni var lokið, skriflega lýsingu á skemdunum, og létu uppi það álit sitt, að landsskuld jarðarinnar ætti að færast niður fyrir það ár um 232 álnir vegna skemdanna. Þessa skoðunar- og matsgjörð fekk umboðsmaður í

hendur í nóvembermán. s. á. og sendi hana amt-
manni, en hann lét þá umboðsmann tilkynna það
stefnda, að skoðunargjörðin væri þannig úr garði
gjörð, að ekkert yrði á henni byggt, og að stefndi
gæti ekki vænst að fá niðurfærslu á landsskuld
fyrir aðrar skemdir en þær, er yllu því, að jörðin
rýrnaði til langframa, og þyrfti hann því, ef hann
vildi fá bætur fyrir skemdir á jörðinni, að láta
nýja skoðun fram fara á skemdum jarðarinnar,
þeim er rýrðu hana til langframa samkv. 17. gr.
fyrnefndra laga 12. jan. 1884. Stefndi fór þó eigi
að þessari bendingu amtmanns, en 11. nóv. 1898,
þegar hann gjörði umboðsmanni skriflega grein
fyrir eftirgjaldi jarðarinnar fyrir árið 1897—98,
vísaði hann honum meðal annars til borgunar
upp í það á helminginn af hinni metnu niður-
færslu á landskuldinni, eða í peningum eftir verð-
lagsskrá kr. 52,78, er hann taldi sér bera sam-
kvæmt matsgjörðinni. Umboðsmaður tók þó eigi
gilda þessa borgun upp í jarðargjaldið, heldur
bygði hann stefnda út af jörðinni, að fengnu sam-
þykki amtmanns, fyrir vangreiðslu á eftirgjaldinu,
með bréfi dags. 9. desbr. s. á., og skyldi stefndi
víkja af jörðinni í fardögum 1899. Þessari út-
byggingu var þó eigi framfylgt gegn stefnda, sem
mótmælti henni og sat kyr. En 5. jan. f. á. var
mál höfðað gegn stefnda fyrir vangreiðslu á eftir-
gjaldi jarðarinnar, eftir skipun landshöfðingjans,
fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu, eftir að stefndi
áður hafði verið kallaður fyrir sáttanefnd, þar sem

hann þó eigi mætti, og var þess krafist af lands-
sjóðsins hálfu fyrir gestaréttinum, að stefndi yrði
dæmdur til að víkja burt af jörðinni Munkaþverá
í fardögum 1900, og til að greiða eftirstöðvar af
landskuld 1897—98, kr. 52,78, svo og málskostnað.
Hinn stefndi krafðist aftur á móti sýknunar af kröf-
um landssjóðsins, og skadabóta fyrir fjárhagstap
af útbyggingu og málarekstri, og málskostnaðar.
Var málið dæmt í téðum rétti 14. apríl f. á. þann-
ig, að stefndi var sýknaður af kröfum og kærum
landssjóðsins og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir nú af hálfu landssjóðsins
verið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13.
okt. f. á. og hefir þess verið krafist fyrir hans
hönd, að stefndi verði dæmdur til að hafa fyrir-
gjört ábúðarrétti sínum á jörðinni Munkaþverá, og
til að greiða hina umstefndu upphæð kr. 52,78, en
að kröfum stefnda um niðurfærslu á afgjaldinu og
skadabætur verði vísað frá meðferð gestaréttarins,
þar sem hann hafi eigi gagnstefnt, en að öðrum
kosti verði ekkert tillit tekið til þeirra krafa, með
því að þær séu í sjálfu sér ólögmetar og á eng-
um rökum byggðar. Til vara er þess krafist, að
stefndi verður dæmdur til þess að greiða kr. 52,78
með eða án frávísunar á gagnkröfu hans, og loks
að hann, hvernig sem fer, verði dæmdur í máls-
kostnað fyrir báðum réttum. Stefndi hefir eigi
mætt fyrir yfirdóminum og enginn af hans hendi,
þótt honum sé löglega stefnt, og verður því að
dæma málið eftir hinum framlögðu gögnum og

skilríkjum samkvæmt N. 1. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Það skal fyrst tekið fram, að þar sem mál þetta hefir verið höfðað gegn stefnda til greiðslu á vangoldnu eftirgjaldi eftir ábúðarjörð hans, og til þess að hafa fyrirgjört ábúðarrétti á jörðinni fyrir þá vangreiðslu, þá þurfti stefndi eigi að höfða gagnsókn til þess að færa fram þá varnarástæðu, að hann hefði greitt eftirgjaldið að hinum vantandi hluta með skuldajöfnuði, með því að ávísu sem borgun upp í eftirgjaldið skadabætur þær, er hann áleit sig eiga heimtingu á vegna skemda á ábúðarjörð hans. Spurningunni um það, hvort stefnda hafi borið slíkar skadabætur, verður því eigi vísað frá dómi, eins og áfrýjandi hefir krafist, en úrslit málsins verða komin undir því, hvort krafa stefnda til umræddra skemdabóta hefir verið réttmæt og ávísun bótanna upp í eftirgjaldið því lögleg borgun upp í það.

Eins og áður er getið, mátu skoðunarmenn, að landskuld Munkapverár ætti fardagaárið 1897—98 að færast niður um 232 álnir vegna umræddra skemda á engjum jarðarinnar, en helminginn af þessari upphæð, eða í peningum kr. 52,78, áleit stefndi sig eiga heimting á að fá bættan úr umboðssjóði samkv. 17. gr. í fyrnefndum lögum 12. jan. 1884, og tók hann því upphæðina undir sjálfum sér með skuldajafnaði, er hann greiddi eftirgjald jarðarinnar.

Í skoðunargjörð matsmannanna 7. ág. 1897 er skemdunum á engjum Munkapverár í umrætt

skifti, sumarið 1897, lýst svo, að miklir hlutar af engjum jarðarinnar hafi orðið litt eða ekki notandi það sumar vegna leiráburðar úr Eyjafjarðará, og að á allstóra engjaspildu hafi Þveráin borið leir og mól, og spilt henni svo með því, að þó að áður hafi fengist þar nál. 100 hestar, þá ætla skoðunarmenn, að lítið sem ekkert muni verða slegið þar það sumar. Um rýrnun jarðarinnar af skemduum framvegis treystu skoðunarmenn sér ekki til að láta neitt álit uppi, nema hvað þeir telja auðsætt, að engið geti ekki orðið jafngott »á pörtum« á næstu árum. Í þessari lýsingu skoðunarmanna á skemduum felst engin sönnun fyrir því, að jörðin Munkaþverá hafi að samtöldu, eða í heild skoðuð, rýrnað nema þetta eina sumar (1897) sakir skemdanna, og því síður að hún hafi rýrnað til langframa, enda er það sannað í málinu af hálfu áfrýjanda, að 2 næstu árin á eftir hafi heyfall af engjum jarðarinnar verið með mesta móti, og meira en 3 næstu árin á undan skemduum, en þetta, að jörðin hafi orðið fyrir meiri skemdu, en bættar verði á einu ári, eða þeim skemdu, að hún rýrni til langframa, er skilyrði fyrir því eftir 17. gr. laganna 12. jan. 1884, að landsdrottinn sé skyldur að bæta leiguliða rýrnun jarðar fyrir skemdir af vatnságangi o. þvl. Eftir sjálfri skoðunargjörðinni var þannig eigi um slíka rýrnun á ábýlisjörð stefnda að ræða, er landsdrottinn samkvæmt tédri lagagrein væri skyldur að bæta leiguliða. Og þó að skoðunarmennirnir kvæðu upp álit sitt um landskuldar-

lækkun, er rýrnun jarðarinnar fyrir skemdirnar ætti að hafa í för með sér, þá gat það álit þeirra eða mat eigi lagt neina skyldu á landsdrottinn til þess að þola niðurfærslu, þar sem lögin ekki heimiluðu leiguliða hana eftir eðli og ásigkomulagi skemdanna, eins og skoðunarmennirnir lýstu þeim.

Samkvæmt þessu hafði umboðsstjórnin sem htutadeigandi landsdrottinn rétt til að neita stefnda um hina umþrættu niðurfærslu á landsskuld fyrir umræddar skemdir á ábýlisjörð hans, og þar sem hann samt sem áður hefir látið ógreidda landsskuldina af jörðinni fyrir fardagaárið 1897—98, það er þessari niðurfærslu nam, þá verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að greiða hana af hendi með kr. 52,78, og jafnframt til að hafa fyrirgjört ábúðarrétti sínum á jörðinni með fyrirvara samkv. byggingarbréfi hans 24. nóvbr. 1853, 12. gr.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað fyrir báðum réttum, sem ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Jónsson bóndi á Munkaþverá greiði landssjóði kr. 52,78 og hafi fyrirgjört ábúðarrétti sínum á þjóðjörðinni Munkaþverá með fyrirvara samkvæmt byggingarbréfi hans 24. nóvbr. 1853, 12. gr. Sem málskostnað greiði hann áfrýjanda 80 kr.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1900: Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps
 gegn
 landritara Jóni Magnússyni
 vegna dánarbús sýslumanns
 Benedikts Sveinssonar.

D ó m u r:

Frá fardögum 1899 átti sýslumaður Benedikt Sveinsson bú og heimili á Vatnsenda í Seltjarnarnesshreppi, þangað til hann lézt 2. ágústm. s. ár. Tóku þá fullveðja erfingjar hans búið til skifta meðferðar, og hinn 8. októbermán. næst á eftir afhentu þeir einum meðerfingjanum alt búið á Vatnsenda til eignar, bæði gangandi fé og dauða muni, og heimiluðu honum jörðina til ábúðar afgangslauslaust til næstu fardaga á eftir. Þetta sama haust gjörði hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi dánarbúi Benedikts Sveinssonar að greiða aukaútsvar til hreppsins fyrir fardagaárið 1899—1900 að upphæð 100 kr., og jafnframt krafði hún búið um jarðartíund og lausafjártíund fyrir sama ár, að upphæð 5 kr. 70 aur. Krafðist hreppsnefndin þess, að gjöld þessi væru innheimt með lögtaki, ef á þyrfti að halda, hjá umráðamanni dánarbúsins, en fyrir fógetarétti Reykjavíkur 7. september f. á. neitaði hann að greiða aukaútsvarið, en kvaðst mundu